

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 1 tbl. 29. árgangur 2024

Frá formanni

Kæru félagar!

Með hækkandi sól og birtu, þá er nýtt og spennandi ár framundan hjá okkur í félaginu. Árið á undan var mjög ánægjulegt, þar sem Vorsýningin okkar var í öndvegi og tókst vel ásamt opnu húsunum okkar á árinu 2023. Haustferðin okkar inn í Ásmundasalinn 18. nóvember 2023 var sérlega skemmtileg. Þarna var samsýning á verkum Ásmundar Sveinssonar og Carl Milles sem var Mentor Ásmundar í námi í Svíþjóð.

Framundan eru sýningar, aðalfundur, vorsýning, vorferð og ýmsar kynningar á námskeiðum og svo framvegis. Það verður af nægu að taka þetta árið.

Þann 20. janúar síðastliðin var opið hús hjá Friðrik Ottó Ragnarssyni sem var mjög vel sótt, falleg verk bæði í myndum og útskurði. Í þessu fyrsta Brýni ársins munum við skoða og fara yfir sýningar liðins árs ásamt viðburði frá opnu húsi Friðriks Ottó.

Félagsmenn eru hvattir til að senda Brýninu okkar stuttar greinar um tréskurð eða skylt efni og koma með ábendingar eða hugmyndir hvað mætti taka upp í félagsstarfinu. Félagið verður aldrei virkara en félagsmenn þess eru og vonast ég til að sjá sem flesta taka þátt í starfinu með okkur og hvet félagsmenn að fylgjast með nýju heimasíðunni okkar og einnig á Fésbókar síðu félagsins.

Dagskráin er auglýst á baksíðu Brýnisins.

Kærar kveðjur,
Víðir Árnason, formaður FÁT

Opið Hús

Árið byrjaði vel, þar sem við heimsóttum aðstöðuna hjá Friðrik Ottó Ragnarssyni. Friðrik Ottó er fjölhæfur á margt handverk, járn, tré og Listmálun, eins og meðfylgjandi myndir frá opnu húsi hjá honum sýna vel. Eins og á öllum okkar viðburðum þá var margt um manninn og félagar höfðu mikla ánægju að hittast og taka spjallið ásamt að kynna sér verk og aðstöðu Friðriks Óttars.



Ólíuverk eftir Friðrik Ottó Ragnarsson - Tjörnin í Reykjavík



Útskornir kistlar og
málverk.



Fuglar og dýr ásamt öðrum tréskurði (lágmyndir)



Friðrik Óttó Ragnarsson




Haustferð 2023

Á síðasta ári þá fór félagið í skemmtilega haustferð. Ekki þarf að fara langt út fyrir höfuðborgina til að finna sér áhugaverðar sýningar. Að þessu sinni heimsóttum við Ásmundarsalinn í Reykjavík. Sýningin var sérlega vel upp sett og áhugavert að þarna var á ferðinni samsýning á verkum Ásmundar Sveinssonar og Carl Milles sem var Mentor Ásmundar á hans námsárum í Svíþjóð.



Það var góð mæting í þessa haustferð og allir sýndu verkum beggja listamannanna góð skil. Við fengum sérlega fylgd og umsögn um safnið og á verkum sýningarinnar frá Safnstjóra Sigurði Trausta Traustasyni. Sigurður er vel kunnugur sögu þeirra Ásmundar og Carls sem og verkum þeirra og lífshlaupi sem var afar áhugaverður. Mikill fróðleikur fyrir félagsmenn að fræðast um. Hérna fylgja nokkrar myndir frá sýningunni.







Kynning á listamönnum (Hjörtur Árnason)

Mig hefur langað í nokkurn tíma að taka saman lífshlaup nokkurra af okkar bestu og færustu listamönnum sem hafa verið með okkur í tímanns rás. Þeir listamenn sem ég ætla að rita hérna nokkur orð um og komu fyrst upp í huga minn eru frá okkar samtíma á síðustu öld, athugið að listinn er ekki tæmandi af því góða listafólki sem hefur í gegnum aldirnar stundað Tréskurðarlist og ég óska hér með eftir því að félagsmenn sendi inn greinar, þeir sem geta og hafa áhuga á um aðila sem tengjast listum í Tréútskurði svo hægt er að gera þeim góð skil í seinni Brýnum. Það er afar áhugavert að skoða lífhlaup og verk þessara manna og kvenna.

Til að byrja með þá langar mig að kynna Wilhelm Ernst Beckmann. Í okkar nútíma þá er þetta kannski sá listamaður sem við mörg, þekkjum ekkert sérlega vel eða höfum lítið heyrt af honum. Félagið okkar ætlar á næstu misserum að gera honum góð skil og verða kynnt ýmis verkefni í samvinnu við Stofnun Wilhelms Ernst Beckmann á næstu árum. Það mun ekki fara framhjá neinum.

Aðrir listamenn eins og Ásmundur Sveinsson, Ríkarður Jónsson, Einar Jónsson og Sigurjón Ólafsson munu einnig verða gestir okkar hérna í þessu riti.

Heimildir eru frá samfélagsmiðlum, vefsíðum og ýmsum greinum sem hafa verið ritaðar í blöðum og tímaritum. Um Wilhelm Ernst Beckmann eru heimildir úr bók um ævi Beckmann sem kom út haustið 2020. Áhugaverð bók sem hægt er að kaupa hjá Bókabúð Forlagið og í öllum helstu bókabúðum. Saga Wilhelms er einstök og við hvetjum listunnendur og lestrarhesta til að kynna sér hana.

Wilhelm Ernst Beckmann var fæddur í Hamborg í Þýskalandi 5. febrúar 1909.

Tréskurðarmeistarinn Wilhelm Ernst Beckmann gekk á land í Reykjavík einn síns liðs vorið 1935, aðeins 26 ára gamall, einn síns liðs á pólitískum flótta undan nasistum í heimalandi sínu. Ísland varð skjól róttæka jafnaðarmannsins sem átti eftir að gera skírnarfonta, altaristöflur og fleiri stórfengleg verk fyrir 11 íslenskar kirkjur.

Allt lék í höndum Beckmanns. Hann skar út, gerði smærri hluti úr tré, gifsi, málmum, beinum eða horni, teiknaði og málaði. Beckmann lét lítið fyrir sér fara um dagana en ævistarf og dramatísk saga hans verðskuldar að minningin lifi um listamann sem alltof fáir kannast við eða hafa heyrt um.

Foreldrar hans voru hjónin Wilhelm Beckmann og Louise Bierbaum.

Wilhelm Beckmann átti einn bróður George Beckmann sem var virkur í þýska Jafnaðarmannaflokki og var settur í fangelsi af Nasistastjórninni.

Fjórtán ára gamall fór Wilhelm Beckmann í læri í útskurði og myndhöggvun hjá Peter Olde, sem var þekktur myndskurðarmeistari og myndhöggvari í Hamborg. Vorið 1927 lauk Wilhelm Beckmann námi með afburða vitnisburði. Hann setti síðan á fót eigin vinnustofu auk þess að kenna við Listaháskólann í Hamborg.

Á meðan á þessu stóð gerði Wilhelm Beckmann mörg listaverk bæði fyrir einstaklinga og söfn.

1934 var Wilhelm Beckmann 25 ára gamall og vel þekktur sem listamaður í sinni grein. Á sama tíma var hann og bróðir hans Georg mjög virkir í þýska Jafnaðarmannaflokki. Þetta átti eftir að standa í vegi fyrir frama hans í Þýskalandi.

Eftir að Nasistar höfðu náð völdum var ferill Wilhelm Beckmann sem listamanns á enda í Þýskalandi Nasismans. Bæði faðir og bróðir voru sendir í fangabúðir fyrir störf fyrir Jafnaðarmannaflokkinn.

Til að komast hjá fangelsun ákvað Wilhelm Beckmann að flytjast til Danmerkur og hefja þar störf. Meðan á dvöl hans í Kaupmannahöfn stóð stundaði hann nám við Konunglega Danska Listaháskólann.

Eftir að hafa fengið vegabréfsáritun kemur Wilhelm Beckmann til Reykjavíkur 1935, án atvinnu og á hvergi höfði sínu að halla. Meðlimir í íslenska Jafnaðarmannaflokki hjálpuðu honum að koma undir sig fótunum í Reykjavík.

Dvöl hans í Íslandi varð miklu lengri en hann gerði ráð fyrir í upphafi og Wilhelm Beckmann tók ástfóstri við hina nýju fósturjörð. Á þeim tíma sem Wilhelm kom til Íslands voru sjö starfandi myndhöggvarar í Reykjavík. Fyrsta vinna sem bauðst var vinna hjá leikfangaframleiðandum Benedikt Elfari, en Benedikt rak fyrirtækið Íslensku leikfangageriðna við Lækjartorg í Reykjavík. Wilhelm bjó að mikilli reynslu og þekkingu frá Hamborg við leikfangagerð og var að vonum ánægður með að fá þessa vinnu þrátt fyrir að helst hefði hann kosið að starfa sem myndhöggvari.

Wilhelm sagði oft frá fyrstu nótt sinni á Íslandi, undir berum himni á Arnarhóli við fætur landnámsmannsins Ingólfs Arnarsonar.

Eftir að seinni heimstyrjöldinni lauk fékk Wilhelm Beckmann mörg tilboð um að snúa aftur til Þýskalands. Hann afþakkaði öll slík boð og varð Íslendingur af öllu hjarta. Hann varð Íslenskur ríkisborgari 1946.

1940 kvæntist Wilhelm Beckmann Valdísi Einarasdóttur og þeim varð tveggja barna auðið, Hrefnu sem býr á Íslandi og Einar sem býr í Ástralíu.

Á Íslandi vann Wilhelm Beckmann sjálfstætt og gerði margskonar listaverk og sérstaklega verk trúarlegs eðlis fyrir íslenska söfnuði. Mörg þessara verka gerði hann samkvæmt pöntun en sum gaf hann.

Wilhelm Beckmann var sérvitur í eðli sínu og lifði lífi sínu á sinn hátt og ekki alltaf við fögnuð sumra.

En Wilhelm Beckmann skildi eftir sig mikinn auð fyrir komandi kynslóðir.



Altaristafla Beckmanns inni í safnaðarheimili Kópavogs.

Wilhelm Ernst Beckmann dó í Reykjavík 11. maí 1965 eftir löng veikindi.

Ásmundur Sveinsson (20. maí 1893 – 9. desember 1982)

Var íslenskur myndhöggvari sem er frægastur fyrir einföld formhrein fígúratív og abstrakt verk sem mörg hafa verið stækkuð mikið og steipt sem minnismarki. Meðal verka hans má nefna Sonatorrek við Borg á Mýrum og Sæmund á selnum við Háskóla Íslands.

Ásmundur lærði upphaflega tréskurð hjá **Ríkarði Jónssyni**. 1919 fór hann til Kaupmannahafnar og þaðan til Stokkhólms þar sem hann nam höggmyndalist í sex ár við Listaakademíuna. Eftir útskrift þaðan flutti hann til Parísar þar sem hann lærði hjá Charles Despiau.

Hann flutti aftur til Íslands 1929 og hóf að búa til höggmyndir af fólki við störf með einfölduðum formum (Járnsmiðurinn, Þvottakonan og Vatnsberinn t.d.). Smám saman þróaðist list hans út í hreinar abstrakt eða kúbískar myndir.

1933 lét hann reisa hús við Freyjugötu eftir eigin teikningum í Bauhaus-stíl. Það hús er nú kallað Ásmundarsalur og er í eigu Listasafns ASÍ. 1942 hóf hann svo byggingu húsanna við Sigtún þar sem Ásmundarsafn er núna til húsa en hann ánafnaði Reykjavíkurborg listaverkasafni sínu og húsunum áður en hann lést.

Ríkarður Jónsson (20. september 1888 - 17. janúar 1977)

var íslenskur myndhöggvari og tréskurðarlistamaður.

Ríkarður Jónsson fæddist á Fáskrúðsfirði og var alinn upp í Hamarsfirði og lauk námi hjá Stefáni Eiríkssyni tréskurðarmeistara í Reykjavík tvítugur að aldri. Hann lærði teikningu hjá Þórarni B. Þorlákssyni listmálara og árið 1914 lauk hann námi við höggmyndadeild Listaháskólans í Kaupmannahöfn.

Eftir Ríkarð liggja margir dýrgripir svo sem brjóstmyndir og lágmyndir af samtíðarmönnum, skírnarfontar, predikunarstólar og margir listilega útskrornir gripir þar á meðal fundarhamar Sameinuðu þjóðanna.

Ríkarður Jónsson nam tréskurð í Reykjavík og stundaði listnám í Kaupmannahöfn. Hann fór námsferðir til Ítalíu. Hann gerði mannamyndir og minnisvarða en einnig rismyndir og tréskurðarverk í kirkjur og aðrar opinberar byggingar.

Nokkur fræg verk eftir Ríkarð Jónsson

- Skjaldarmerki Íslands frá 1918 til 1944.
- Brjóstmynd úr bronsi af Tryggva Gunnarssyni, í garði Alþingshússins, sett upp 1971
- Rismyndin Ólafur Liljurós og Álfamærin í Þjóðleikhúsinu í Reykjavík, sett upp 1950
- Minnisvarði um Stephan G. Stephansson á Arnarstapa í Skagafirði, settur upp 1953
- Útihurð á Arnarhváli í Reykjavík, gerð 1930



Íslandsfálki Ríkarðs Jónssonar

Einar Jónsson (11. maí 1874 – 18. október 1954) var íslenskur myndhöggvari, brautryðjandi á Íslandi. Einar vann mikið með þjóð- og goðsöguleg minni.



Einar Jónsson á vinnustofu sinni í Hnitbjörgum á Skólavörðuholti, 1923 - 1930. Verkið Þorfinnur Karlsefni í Philadelphia.

Verk hans eru til sýnis í Listasafni Einars Jónssonar og mörg önnur eru þekkt kennileiti Reykjavíkurborgar þ.á.m. stytta af Ingólfi Arnarsyni við Arnarhól.

Einar fæddist á Galtafelli í Hrunamannahreppi. Hann hélt til Kaupmannahafnar þar sem hann lærði við Konunglegu listaakademíuna á árum 1896-1899 hjá Vilhelm Bissen og Theobald Stein. Þar sýndi hann höggmynd sína Útlagar árið 1901. Einar ferðaðist til Rómar þar sem hann dvaldi í eitt ár og þar mótuðust hugmyndir hans um hlutverk listamannsins. Einari þóttu hugmyndir sem bárust frá Þýskalandi og nefndust táknhyggja höfða til sín. Árið 1910 kynntist Einar hugmyndum sænska guðspekingsins Emanuels Swedenborg sem höfðu einnig mikil áhrif á hann. Einar sneri aftur til Íslands árið 1920 og bjó þar til dauðadags árið 1954.

Verk Útlagar við Hólavallakirkjugarð, Suðurgötu.

- Ingólfur Arnarson, á Arnarhóli.
- Jón Sigurðsson á Austurvelli.
- Jónas Hallgrímsson við Hljómskálann.
- Úr Álögum á Ísafirði.
- Þorfinnur Karlsefni á East River Drive í Philadelphia.
- Jón Sigurðsson í Manitoba í Winnipeg.



Sigurjón Ólafsson (21. október 1908 – 20. desember 1982) var íslenskur myndhöggvari.

Sigurjón Ólafsson fæddist á Eyrarbakka árið 1908. Fyrstu tilsögn í myndlist hlaut hann hjá Ásgrími Jónssyni listmálara og síðar Einari Jónssyni myndhöggvara. Samhliða náminu lauk Sigurjón sveinsprófi í húsamálun frá Iðnskólanum í Reykjavík vorið 1927 og ári síðar sigldi hann til Kaupmannahafnar, þar sem hann hóf nám í Konunglegu Akadémíunni hjá Utzon-Frank prófessor. Námið sóttist honum vel og haustið 1930 hlaut hann gullverðlaun Akadémíunnar fyrir styttu af Verkamanni (LSÓ 1017) sem nú er í eigu Listasafns Íslands og fyrir portrettið Móðir mín (LSÓ 007, 1938) hlaut Sigurjón hin eftirsóttu Eckersberg-verðlaun.

Þegar Sigurjón sneri heim að loknu stríði varð hann meðal brautryðjenda abstraktlistar á Íslandi. Stærst verka hans er án efa lágmyndirnar á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar sem hann vann á árunum 1966-1969 (LSÓ 1232), en þekktari eru ef til vill Öndvegissúlurnar við Höfða (LSÓ 1269), styttan af séra Friðrik við Lækjargötu (LSÓ 1120), og Íslandsmerki á Hagatorgi (LSÓ 1278).

Auk hinna hefðbundnu verkefna vann Sigurjón alltaf frjáls verk þar sem hugmyndaflug og tilraunir með efni og form fengu að ráða. Þannig eru allar steinmyndir hans frá 1946–1956 frjáls verk og ekki gerð eftir pöntunum. Mörg þeirra eru nú í eigu safna og opinberra aðila.

Sigurjón vann í afar fjölbreyttan efnivið; leir, gifs, tré, málma, stein og steinsteypu. Síðustu ár ævinnar notaði listamaðurinn oft tré eða rekavið í verk sín.

Sigurjón lést í Reykjavík í desember 1982.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hýsir höggmyndir og teikningar eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara ásamt heimildum um listamanninn og er miðstöð rannsókna á list hans. Safnið var stofnað af ekkju listamannsins, Birgittu Spur, í endurbyggðri vinnustofu listamannsins á Laugarnesi. Það var rekið sem sjálfseignarstofnun til 2012 að það var afhent Listasafni Íslands og er nú rekið sem sérstakt safn innan þess.



Árið 1949 hlaut Sigurjón önnur verðlaun í hugmyndasamkeppni um hönnun minnisvarða í Viðarlundinum í Þórshöfn í Færeyjum. Myndinn er af verki Sigurjóns sem heitir **Maður og kona**, abstrakverk verk sem olli deilum á sínum tíma í Danmörku. Verkið er frá því 1939.

Vélar og verkfæri (Hjörtur Árnason)

Við fáum oft fyrirspurnir frá félögum og áhugasömum aðilum í tréútskurði, hvar hægt er að versla góð verkfæri.

Það eru nokkur fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem selja góð og vönduð útskurðarsett og hnífa. Ég ætla að taka saman nokkur þessara fyrirtækja og gera þeim smávægileg skil. Eitt til viðbótar, það er í góðu lagi að spyrja um afslátt hjá þessum fyrirtækjum, þeir veit í flestum tilfellum afslætti allt að 15%. Og ef eldri borgara afslátturinn er hærri, þá er í góðu lagi að nota hann frekar og endilega að nýta sér afslætti ef í boði eru. Þessi verkfæri eru oftast ekki á gjafaverðum.

Handverkshúsið Rauðagerði 25, 108 Reykjavík.

Handverkfæri af öllum stærðum og gerðum fyrir hverskonar handverk. Pfeil Járnsettin hafa margoft sannað gildi sitt fyrir tréútskurð. Einnig eru þeir með tálguasett frá Stryi. Allt eru þetta vönduð og góð verkfæri. Einnig mikið úrval af vörum til að brýna.



Pfeil Járnasett: 25stk

Pfeil Járnasett: 12stk

Pfeil Útskurðarsett: 8stk



Tálguasett 4hnífar



Tálguasett 3 hnífar 1beinn/2bognir

Röggi ehf. Smiðshöfða 12, 110 Reykjavík.

Er fyrirtæki upp á Höfða sem selur mikið af tækjum og tólum m.a. tré-útskurðarsett frá Kirschen og tálgunar sett frá Beaver, m.a Beaver-Skeiðahnífa. Áhugavert úrval af handverkfærum. Þeir selja einnig Beaver-leðurbrýni ásamt massa.



B0.LS4P1

**Beaver-leðurbrýni einfalt
með massa**

Ásborg Smiðjuvegi 11 200 Kópavogur.

Ásborg er með mikið úrval af tálgunar hnífum og útskurðarsettum sem fara vel í lófa frá Flexcut. Margir hafa góða reynslu af hnífum frá Flexcut.



Beginner Palm and Knife Set

Palm Flexcut sett

Fjaðrir. (Hjörtur Árnason)

Í Amerískri menningu (Indíánar) er talið að allir hlutir búi yfir eðlislægri dyggð, krafti og visku. Fjöðurin, til dæmis, er öflugt tákni sem táknar heiður og tengsl á milli eigandans, skaparans og fuglsins sem fjöðurin kom frá.

Í Kristni eru fjaðrir tengdar viðveru engla og tákna bæna og trú. Trú, von og kærleikur. Fjaðrir geta táknað vernd frá Guði og englunum. Fjaðrir geta líka táknað styrk og kraft.

Meðfylgjandi fjöður er tréútskurður frá Hirti Árnasyni og ber heitið Von. Gjöf til Lindakirkju. Fjöðrin er skorin út úr Linditré.



Linditré bera einstök blóm og stór hjartalaga laufblöð og það er gott að skera út úr Linditré. Ég hef verið að dunda mér við að skera út nokkrar fjaðrir nýlega út úr Linditré, sjá myndir;



Dagskrá -2024

Framundan er Aðalfundur, heimsóknir og opin hús.

Aðalfundur FÁT, Heimilisiðnaðarfélaginu Nethyl 2e, 17 febrúar 2024
klukkan 10:00 – 12:00

Vorferð FÁT, Forsæti í Flóahreppi, 16. mars 2024

Vorsýning FÁT, Heimilisiðnaðarfélaginu Nethyl 2e. 20 apríl 2024
Athugið!

Föstudagurinn 19. apríl verður tekið á móti sýningargripum
upp í Nethyl 2e milli klukkan 16:00 – 18:00

Sýninginn verður opin daganna 20. apríl og 21 apríl
frá klukkan 13:00 – 17:00, báða daganna.

Sýnendur listaverka geta komið og sótt verkin sín eftir
klukkan 17:00 á sunnudeginum 21. apríl.

Mælum með að heimsækja nýju heimasíðu félagsins að:
www.treskurdur.is.

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Netfang: treskurd@gmail.com Heimasíða: treskurdur.is

Ritstjórn er stjórn félagsins. Ábm. Víðir Árnason Stjórn FÁT

Sendandi: Félag áhugamanna um tréskurð
Pósthólf 130
202 Kópavogur

